



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/3123
komudagur 15.9.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. september 2010 02-2010090790
T-ums 58/2010

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - 693. mál, þskj. 1456 - kyrrsetning eigna.


Ríkisskattstjóri hefur þann 8. september 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - 693. mál, þskj. 1456, kyrrsetning eigna.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlits- og fullnustuheimildir verði auknar þannig að til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskatt eða staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur verði unnt að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að Hæstiréttur Íslands hafi kveðið upp dóm í júní sl. þar sem ekki var fallist á að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga dygði til að veita lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn virðisaukaskattslögum. Frumvarpinu er þannig ætlað að veita skattyfirvöldum heimild til að krefjast kyrrsetningar vegna brota á lögum um virðisaukaskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Ríkisskattstjóri er sammála dómi Hæstaréttar sem vitnað er til hér að framan enda hefur sá háttur tíðkast allt frá lögfestingu refsíákvæða skattaréttarins 1995 og endurskoðun þeirra 2001 að hafa refsíákvæði í öllum hlutaðeigandi lögum. Sama á við um úrræði það sem lagt er til að verði lögfest með frumvarpi því sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir